

# Á vettvangi fyrsta sjónvarps á Íslandi

Á árunum 1934 til 1936 átti sér stað merkileg tilraunastarfsemi á Sjónarhæð á Akureyri. Þar tóku tveir áhugamenn um útvarp á móti sjónvarpssendingum frá Crystal Palace Studios í Lundúnum með búnaði sem þeir höfðu að hluta til búið til sjálfir. Þetta voru Bretinn Fredrik Livingstone Hogg verkfræðingur og Grímur Sigurðsson, síðar útvarpsvirkjameistari. Á þeim tíma höfðu fæstir Íslendingar heyrt talað um sjónvarp og voru enn að átta sig á galdrinum sem fólst í útvarpinu!

Sjónvarpsmóttaka þeirra félaga var tvímælalaust fyrsta sjónvarp á Íslandi og Grímur því fyrsti Íslendingurinn til að horfa á sjónvarp. Raunar voru þeir félagar þátttakendur í sjónvarpstilraunum á algeru bernskuskeiði þess í heiminum. Að hluta fengu þeir lánuð tæki frá Bretlandi, en annað smíðuðu þeir sjálfir. Móttökuloftnet voru til staðar á Akureyri vegna þess að nokkrum árum áður höfðu verið gerðar þar merkilegar tilraunir á vegum Atrhurs Gook og Sjónarhæðarsafnaðarins til að setja hér á fót trúboðaútvarp og hafði Fredrik L. Hogg verið helsti tækniamaðurinn í þeirri tilraun. Þetta útvarp, sem staðsett var hér við húsið Sjónarhæð, var raunar önnur af tveimur

einkaútvarpsstöðvum í landinu fyrir tíma ríkisútvarps, en hin stöðin var í Reykjavík. Í upphafi fjórða áratugarins var í Lundúnum verið að gera tilraunir með sjónvarpssendingar um langan veg, tilraunir sem segja má að hafi verið liður í alþjóðlegri keppni um hvaða tækni yrði ofan á í sjónvarpsútsendingum, einkum þó og sér í lagi í útsendingum hjá BBC. Sjónvarpsútsendingarnar sem tekið var á móti á Akureyri voru svokallað vélrænt sjónvarp, sem skoski uppfinningamaðurinn John L. Baird var frumkvöðull að, en það var einmitt fyrirtæki hans sem stóð að útsendingunum frá Crystal Palace. Hið vélræna sjónvarp varð á endanum undir í samkeppninni og ekki varð framhald á útsendingum á þessu formi til Akureyrar frá hausti 1936. Til er brot af viðtali við Grím Sigurðsson þar sem hann segir að tæknin sem þeir Hogg hafi byggt á hafi verið 30 gata/línu tækni, þannig að skjárin og myndin sem þeir voru að skoða hefur ekki verið stór, líklega svipaður litlum farsímaskjá. Tilraunaútsendingarnar voru að sögn Gríms fjögur kvöld í viku hverri og stóðu í um klukkutíma í hvert sinn á milli klukkan 22.00 og 23.00. Grímur lýsir ekki nákvæmlega hvað það var

sem þeir að horfðu á, en getur þess þó að myndin hafi stundum verið mjög skýr. Sérstaklega rifjar hann upp að einhverju sinni hafi kona verið að dansa og að hún hafi verið með stóran hring á hendinni sem hafi sést vel.

Gilið hér fyrir neðan, svonefnt Barðsgil, sem er ofan við húsið Sjónarhæð, gegnir mikilvægu hlutverki í þessari frumkvöðla-starfsemi á sviði fjölmiðlunar. Loftnetsmöstrin sem reist voru vegna útvarpsins og sem síðar nýttust til sjónvarpsútsendinga voru um 35 metra há og staðsett á gilbörmunum hér efst í gilinu. Út frá möstrunum var svo umfangsmikið kerfi koparvíra sem grafnir voru í jörð og þjónuðu sem jarðtengingar. Þessi kopar er væntanlega enn grafinn hér undir trjám og gróðri sem vaxið hefur upp í gilinu á liðnum áratugum.

## At the scene of the first television in Iceland

Between 1934 and 1936 remarkable experiments were conducted at Sjónarhæð, the house at the bottom of the hill before us. Two communication enthusiasts received television transmissions from the Crystal Palace Studios in London with equipment they had partially created themselves. The two men were an Englishman, Fredrik Livingstone Hogg, an engineer, and his apprentice, 22 year old Grímur Sigurðsson, who later became a radio mechanic. At the time, few Icelanders had even heard about television and most were still absorbing the magic of radio that had only recently been introduced!

The transmissions received by these two men were the first in Iceland and made Grímur Sigurðsson the first Icelander ever to watch television. Both were experimenting during TV's absolute infancy in the world. In order to do so they borrowed a few devices from the UK but others they built themselves. The antenna they needed to receive these broadcasts from London was already present in Akureyri, because a few years earlier the missionary Arthur Gook and his Christian Sjónarhæð-Congregation had pioneered radio broadcasting in Iceland by setting up a missionary radio station at Sjónarhæð. Fredrik Livingstone Hogg had been the main technical person

in that endeavour. This radio station was one of the two first in Iceland operated before the creation of the state Broadcasting Service, RUV. RUV had the broadcasting monopoly from 1930-1986. Both of these stations were closed down before the state radio began operation. At the beginning of the 1930s in London, some experiments were being done on TV transmissions over long distances. These experiments were part of an international competition to see which technology would win out in the television business. It was especially important to see which technology the BBC would choose for its broadcasts. The broadcasts that were received in Akureyri were based on "mechanical television technology", pioneered by the Scottish inventor John L. Baird who conducted experimental transmissions from Crystal Palace. This technology ultimately lost out in the competition and after a major fire at Crystal Palace Studios in 1936, the broadcasts were ceased.

In a 1980 radio interview, Grímur Sigurðsson talked about the television project with Hogg. He said the technology they used was based on 30-line technology, which means that the screen and the images they were viewing were small, probably similar to today's cell phone screen. Transmissions were sent four

nights a week for about an hour each, between 22:00 and 23:00. Grímur did not go into detail about what they were watching but said that sometimes the pictures were very clear. He particularly recalled watching a dancing woman who had a large ring on one of her fingers that they saw very clearly.

The canyon below is called Barðsgil. It is located above the Sjónarhæð House, and was important in the pioneering radio and television work in Iceland. The antenna towers that were built for radio were later used for television broadcasts and were about 35 meters high, located on each side on the top of the canyon. Connected to the antenna towers was an extensive web of copper wires that was buried in the ground and served as the ground connection. The copper is presumably still buried here under the trees and vegetation that has grown up in the canyon over the last eight decades.



1. Barðsgil fyrir miðri mynd og Sjónarhæð örlítið vinstra megin. Sjá má hvernig möstrin rísa við himinn á gilbörmunum.
2. Eric Gook t.v., sonur Arthurs Gook, og Fredrik Livingstone Hogg t.h., tengja víra vegna útvarpsstöðvarinnar.
3. Grímur Sigurðsson varð fyrstur Íslendinga til að horfa á sjónvarp.
4. Ertend mynd úr myndverinu „Café Del Diablo“, sem var í Crystal Palace Studios á þessum tíma og var sviðsumgjörðin þar kaffihús. Í ofangreindu kaffihúsi fóru fram ýmis skemmtiatriði og meðal annars dansaði þar kona að nafni Doris Sonne og e.t.v. var það hún sem þeir Grímur og Hogg sáu svo skýrt um kvöld norður á Akureyri.
5. Hér er horft ofan í Barðsgil frá svipuðum sjónarhóli og þegar horft er af þessum útsýnisstað. Myndin sýnir gilið eins og það var þegar búið var að reisa möstrin og má greinilega sjá marka fyrir jarðtengingum þar sem koparvírinn var grafinn.

1. The Barðsgil Canyon is in the center of this photo and Sjónarhæð is a bit to the left. As you can see, the towers are located on both sides at the top of the canyon.
2. Eric Gook (left), son of Arthur Gook, and Fredrik Livingstone Hogg (right), connect the wires for the radio station.
3. Grímur Sigurðsson, the first Icelander to watch television.
4. A photograph from the studio „Café Del Diablo“, which was in Crystal Palace Studios at the time. It was both a stage and a café. In the café, various skits were performed. One of the skits included a woman performing a dance. Doris Sonne was her name, and perhaps she was the woman who Grímur and Hogg saw so clearly one night in Akureyri.
5. Here the canyon is seen from above, from a location close to where you are now. The photo was taken after the towers were built and shows clear signs of the ground connection where the copper wires were buried.

